

## Fyrsta árgangi fylgt úr hlaði

### Frá ritstjórum

Félagsfræðingafélag Íslands var stofnað 30. nóvember árið 1995. Allt frá stofnun félagsins dreymdi félagsfræðinga um það að hefja útgáfu á fræðitímariti sem fjallaði um íslenskt þjóðfélag. Sá draumur er nú orðinn að veruleika, eftir nokkurra ára undirbúningsstarf. Fyrsta ritstjórnin kemur frá Háskólanum á Akureyri og er ætlunin að ritstjórnin færist á milli háskóla-stofnana á þriggja ára fresti. Fyrsti árgangur verður prentaður og fá félagsmenn í Félagsfræðingafélaginu eintak, en jafnframt er tímaritið öllum opið á vefslóðinni [www.thjodfelagid.is](http://www.thjodfelagid.is).

Stefna tímaritsins *Íslenska þjóðfélagið* er að efla rannsóknir og fræðilega umræðu um íslenskt þjóðfélag sem félagsfræðilegt viðfangsefni. Því er ætlað að vera fremsta tímaritið á sérsviði íslenskra þjóðfélagsrannsókna og er það ritrýnt samkvæmt sömu kröfum og tíðkast meðal viðurkenndra alþjóðlegra tímarita í félagsvísindum. *Íslenska þjóðfélagið* er vettvangur fyrir fjölbreytilegar rannsóknir á íslenska þjóðfélaginu og er opið öllum sérsviðum félagsfræðinnar og öðrum greinum félagsvísindanna sem hafa íslenskan félagsveruleika að viðfangsefni. Þar má nefna stjórn málafræði, mannfræði, þjóðfræði, afbrotufræði og kynjafræði. Tímaritið er jafnframt opið fyrir framlögum fræðimanna úr öðrum fræðigreinum (t.d. landfræði, sagnfræði, menningarfræði eða hagfræði) sem aukið geta skilning á íslenska þjóðfélaginu sem félagsfræðilegu viðfangsefni.

Það ætti ekki að koma á óvart að allar greinar hins fyrsta árgangs tímaritsins snerta kreppu og efnahagshrun með einum eða öðrum hætti. Svo mjög hefur efnahagshrunið breytt venjum, lífsviðurværi og stjórn málafræðingum að fyrir þá sem fjalla um samfélagsmál er ógerlegt annað en að gera þessum stórstígu breytingum skil í rannsóknum sínum. Grein Guðmundar Ævars Oddssonar fjallar um stéttavitund Íslendinga í kjölfar efnahags-hrunsins haustið 2008. Niðurstöður hans benda til þess að stéttavitund á Íslandi sé töluvert mikil. Flestir kannast við stéttarheiti og eru fúsir til þess að segja til um hvaða þjóðfélagsstétt þeir telja sig tilheyra. Í samræmi við kenningar um viðmiðunarhópa benda niðurstöðurnar til þess að Íslendingar hafi ríka tilhneigingu til að sjá sig í „millistétt“. Þá hafa Íslendingar meiri „millistéttarsýn“ á eigin stéttarstöðu og sjá hana almennt hærra í stéttarkerfinu en flestar aðrar þjóðir.

Þorgerður Einarsdóttir skoðar í grein sinni þegnrétt og kyngervi í okkar samtíma í samanburði við tímabilið við lok fyrri heimsstyrjaldarinnar. Í greininni er leitast við að draga fram hliðstæður þessara tímarskeiða en einnig hugmyndarof og uppbrot í því skyni að skilja okkar eigin samtíma. Skoðuð er samfélagsleg þátttaka og hlutdeild kvenna og hvaða menningarlegu hugmyndir hafa legið þar til grundvallar. Með því að skoða þá farvegi sem þegnrétti kvenna hefur verið beint í er hægt að skilja betur þversagnakennd kynjatengsl samtímans og hvaða lærdóm er hægt að draga af sögunni.

Jón Rúnar Sveinsson tekur hið félagslega húsnæðiskerfi á Íslandi til umfjöllunar. Hann kemst að þeirri niðurstöðu að þróun félagslegra íbúðabygginga fór hér hægt af stað og allt fram á sjöunda áratug 20. aldar var lítið byggt, bæði í samanburði við almennar íbúðabyggingar á Íslandi og við það sem þekktist erlendis. Hinar félagslegu íbúðir hér á landi voru lengst af í einkaeign, en það var mjög fátítt erlendis. Verkalýðshreyfing og verkalýðsflokkar voru virkir aðilar framan af í baráttu fyrir félagslegu húsnæði en frumkvæðið færðist síðar á hendur ríkis og sveitarfélaga. Hugmyndafræði frjálshyggjunnar varð allsráðandi við lok síðustu aldar, sem gerði að verkum að félagslega kerfinu var lokað og treyst var eingöngu á frjálsan húsnæðismarkað. Sú ákvörðun setur fjölda Íslendinga miklar skorður þar sem þeir eiga erfitt með að komast yfir húsnæði eftir efnahagshrunið. Jón Rúnar spáir því að það dragi úr séreignarstefnunni á næstu árum líkt og gerðist í Finnlandi eftir hinar miklu efnahagsþrengingar þar í landi.

Sigrún Ólafsdóttir og Jón Gunnar Bernburg fjalla um fordóma og geðræn vandamál á Íslandi í samanburði við Bandaríkin og Þýskaland. Niðurstöður þeirra sýna að fordómar eru minni á Íslandi en í Bandaríkjunum, en virðast í flestum tilfellum vera meiri en í Þýskalandi. Almennungur á Íslandi hefur meiri fordóma gagnvart geðræn vandamálum en líkamlegum. Samanburðurinn við Bandaríkin og Þýskaland sýnir fram á að sömu þættir hafa oft áhrif á fordóma á Íslandi og í samanburðarlöndum, en í sumum tilfellum eru niðurstöðurnar ólíkar.

Greinar þær sem hér birtast sjónum lesenda endurspegla þá breidd sem félagsfræðin hefur að geyma hvað aðferðir og kenningar varðar. Þær spanna allt frá gagnrýnni kenningarlegri hefð til spurningalistakannana þar sem beitt er ályktandi tölfræði í anda raunhyggju.

Það er einlæg ósk ritstjórnar og útgefenda að viðtökur tímaritsins verði góðar – að það sjáist fljótt að þörf sé á sérstöku tímariti félagsfræðinga á Íslandi. Við hvetjum félagsfræðinga og félagsvísindafólk að tryggja framtíð tímaritsins með því að senda greinar til birtingar.

Ingi Rúnar Eðvarðsson

Þóroddur Bjarnason